

Erindi forstöðumanns Laugardalslaugar dags. 27. janúar 2022 vegna hugmyndasamkeppni um endurgerð Laugardalslaugar.

Kæra Dóra og fulltrúar í íbúaráði Háaleiti- og Bústaðahverfi

Reykjavíkurborg er að undirbúa hugmyndasamkeppni vegna endurgerðar Laugardalslaugar og tengdra mannvirkja. Hluti af þeirri vinnu er að heyra í almenningi og samstarfsaðilum. Nú er í gangi hugmyndasöfnun sem fram fer með þremur mismunandi leiðum.

- Hugmyndakassi í afgreiðslu Laugardalslaugar
- Betri Reykjavík – sjá tengil [Endurgerð Laugardalslaugar \(betrireykjavik.is\)](http://betrireykjavik.is)
- Senda hugmyndir með tölvupósti á hugmynd@itr.is

Undirbúningshópur vegna forsagnar mun vinna úr hugmyndum og verða hugmyndir aðgengilegar þeim sem taka þátt í hugmyndasamkeppni. Í forsagnarhópnum sitja fulltrúar Íþrótt- og tómstundasviðs, Umhverfis- og skipulagssvið og Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar.

Nánar um verkefnið á heimasíðu Hugmyndasöfnun um endurgerð Laugardalslaugar | Reykjavik.

Nú er um að gera að vera dugleg að koma ykkar hugmyndum á framfæri. Gerum ráð fyrir að taka við hugmyndum fram til 28. febrúar 2022.

Þið megið endilega deila þessu með íbúum í Háaleiti og Bústaðahverfi og þá helst síðunni sem er á Betri Reykjavík.

Kær kveðja,
Árni Jónsson
Forstöðumaður Laugardalslaugar

arni@itr.is gsm – 6955046



Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.